

30. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 27.1.2025

Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Katrín Huld Káradóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, vegna varúðarsvæðis

Í framhaldi af umsögn HEF vegna varúðarsvæðis álversins í Straumsvík, þar sem heilbrigðiseftirlitið telur nauðsynlegt að gera vöktunaráætlun fyrir svæðið, vísar Hafnarfjarðarbær í að í starfsleyfi álversins í Straumsvík frá því 28. október 2021 sé ítarlegur kafli um innra eftirlit og vöktun á vegum fyrirtækisins og jafnframt sé Náttúrufræðistofnun með vöktun á þungmálmum og brennisteini með mælingum í mosa á fimm ára fresti.

Skipulagstillagan fer nú til skoðunar hjá Skipulagsyfirvöldum og síðan í auglýsingu.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að varúðarsvæðið tekur til fleiri þátta en hugsanlegrar mengunar frá álverinu og því mikilvægt að vöktunaráætlun nái yfir fleiri þætti en koma fram í starfsleyfi álversins, auk þess sem að þó svo gerðar séu kröfur um upplýsingar um árlega heildarlosun af ryki, PAH-efnum, PCDD/F efnum, NOX og þungmálum, þá er ekki vöktunaráætlun um dreifingu þeirrar mengunar. Heilbrigðiseftirlitið mun koma athugasemdum sínum á framfæri við auglýsingu skipulagstillögunar.

2. Dagskrárliður: Arnarland, aðal- og deiliskipulagstillaga

Lögd er fram tillaga um breytingu á aðal- og deiliskipulagi fyrir Arnarland og er umsögn HEF samhljóða fyrir báðar tillögurnar sem og vegna færslu undirganga undir Arnarnesveg. Tillagan gerir ráð fyrir þeim breytingum að, reitur fyrir verslun og þjónustu 3.37 V í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar verði breytt í miðsvæði (M). Undirgöng undir Arnarnesveg færast austur á uppdrætti til samræmis við nýja tillögu að deiliskipulagi Arnarlands og tillögu að breytingu deiliskipulags Akra. Ákvæði um hæðafjölda breytist lítillega, verða nú 2-6 hæðir í stað 3-6 hæðir og hæð kennileitisbyggingar verður allt að 7 hæðir í stað 8. Þá breytist lega stofnstíga innan svæðis til samræmis við tillögu að deiliskipulagi Arnarlands.

Heilbrigðiseftirlitið gerði ekki athugasemdir við fyrri skipulagstillögu en ítrekar nokkrar ábendingar sem settar voru fram á fyrri stigum. Umferðatengingar Heilbrigðiseftirlitið hefði viljað sjá heilstæðari umferðarhönnun inn og út úr hverfinu og leggur áherslu á að sveitarfélögin vinni saman og útfæri heilstæða lausn á innstreymi og útstreymi úr hverfinu.

Hljóðvist – loftgæði. Heilbrigðiseftirlitið vekur því athygli á því að hugsanlega þarf að bæta mótvægisáðgerðir vegna hljóðmengunar, t.d. með lengri og hærri hljóðskermun norðanmegin við hverfið. Halda þarf hljóðstyrk á öllum dvalarsvæðum innan við 55 dB, þ.m.t. á þeim hlutum lóða sem gera má ráð fyrir að verði notuð sem dvalarsvæði.

Atvinnustarfsemi og íbúðabygging. Brýnt er að í skipulagi, þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð atvinnustarfsemi (heilsutengdri starfsemi) og íbúða, sé hugað að því að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af ónæði, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar.

Tryggja þarf afkastagetu fráveitu og gera betri grein fyrir útfærslu blágrænna- ofanvatnslausna. Athuga þarf afkastagetu fráveitunnar sem liggur í Ánanaust. Það getur verið tæknilegt úrlausnarefni að finna lausnir en þær þarf að skoða í samvinnu við sveitarfélögin sem fráveitan liggur um, það er Kópavog og Reykjavík. Nauðsynlegt er að mati heilbrigðiseftirlits að gera betur grein fyrir virkni blágrænna ofanvatnslausna og hvert og hvernig á að leiða frárennsli frá settjörnum. Reikna þarf rýmisþörf ofanvatnslausna miðað við áætlaða úrkomu. Niðurstöður mælinga sýna að Kópavogslækur er í slæmu efnafræðilegu ástandi og því mikilvægt að hugað verði að lausnum til að bæta vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand Kópavogslækjar, þannig að náttúruleg hreinsun komi í veg fyrir að mengunarefni berist af svæðinu í Kópavogslæk.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn HEF.

3. Dagskrárliður: Hólmsheiði - athafnasvæði, 2. áfangi - umsögn

Lögð fram umsögn Framkvæmdastjórnar um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðisinu varðandi skipulagsskilmála fyrir Hólmsheiði, 2. áfanga.

Lagt fram til kynningar.

Heilbrigðisnefnd tekur undir umsögn framkvæmdastjórnar um verndarsvæði vatnsbóla að taka þarf til endurskoðunar afmörkun á öryggissvæði fyrir yfirborðsvatns til samræmis við tillögu Vatnaskila.

4. Dagskrárliður: Hamarshöfn - ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn HEF hvort áform Hafnarfjarðarbæjar um gerð nýrrar smábátahafnar sé matsskyld. Hafnarfjarðarhöfn áformar gerð nýrrar smábátahafnar innan núverandi Hafnarfjarðarhafnar. Gert er ráð fyrir viðlegurými fyrir u.þ.b. 60-70 báta.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að í greinargerðinni er gert ráð fyrir að gerð verði könnun á stöðu efnafræðilegra- og líffræðilegra gæðabáttastands strandsjavarhlotsins með botnsýnatökum. Það er þekkt að nærumhverfi gamalla slippa og einnig málningarslippa sé mengað af þungmálum og ýmsum efnasamböndum. Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir því að niðurstöður úr þeim sýnatökum séu kynntar Heilbrigðisnefnd.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn HEF.

5. Dagskrárliður: Efnistaka úr Undirhlíðum - álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun

Hafnarfjörður áformar að hefja að nýju efnistöku úr Undirhlíðum í Hafnarfirði sunnan Bláfjallavegar. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á umhverfisþáttum að öðru leyti en gagnvart magni efnistöku og starfstíma námunnar. Heilbrigðiseftirlitið hvetur til þess að við umhverfismatið verði horft til fleiri valkosta s.s. námuvinnslu utan verndarsvæða vatnsbóla.

Lagt fram til kynningar.

Heilbrigðisnefnd áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum ef við á þegar matsskýrslan liggur fyrir.

[Handwritten signatures and initials]

6. Dagskrárliður: Farsældartún í Mosfellsbæ - lýsing á endurskoðun skipulags

Óskað er umsagnar HEF á endurhönnun skipulags Skálatúns í Mosfellsbæ. Nýju skipulagi svæðisins og starfsemi nýrrar sjálfseignarstofnunar er ætlað að styðja sem best við farsæld barna og á svæðinu verða byggingar sem munu hýsa aðila sem veita börnum, ungmennum og fjölskyldum þeirra þjónustu s.s. opinberar stofnanir, sérskóli, félagasamtök og sjálfstætt starfandi sérfræðingar. Í deiliskipulagi Farsældartúns verður gert ráð fyrir nýbyggingum sem eru sérhannaðar fyrir þá þjónustu sem þar á að veita í fallegu grænu umhverfi.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við lýsinguna en tekur undir ábendingar um að tryggja góða hljóðvist á svæðinu.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn HEF, en áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum ef tilefni er til, á síðari stigum málsins.

7. Dagskrárliður: Undirgöng undir Flóttamannaveg - breyting á deiliskipulagi Urriðaholts

Skipulagssvið Garðabæjar óskar eftir umsögn HEF um tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urríðaholts. Um er að ræða tilfærslu á undirgöngum undir Flóttamannaveg sem staðsett eru á mótis við Urriðavöll.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna en vekur athygli á að við hönnun þeirra verði öryggi gangandi og hjólandi tryggð með tilliti til hugsanlegrar umferðar golfbíla.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn HEF.

8. Dagskrárliður: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kaupþúns 6 í Garðabæ

Lögð fram beiðni frá skipulagssviði Garðabæjar, þar sem óskað er umsagnar HEF. Um er að ræða lítilsháttar stækkun lóðar til vesturs.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en bendir á að sækja þarf um leyfi Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn HEF.

9. Dagskrárliður: Borgarlínan 1. lota, Ártún - Fossvogsbrú

Bæjarstjórn Kópavogs og Reykjavíkurborg auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og Aðalskipulagi Reykjavíkur, Borgarlínu, 1. lotu. Í tillögunni eru settar fram almennar forsendur framkvæmda við Borgarlínu, bindandi stefna um legu hennar og staðsetningu kjarnastöðvar, ásamt leiðbeiningum um forgangsroðun ferðamáta og skipulag göturýmis. Samhliða auglýsingu tillögunnar, fer fram kynning á umhverfismatsskýrslu framkvæmda við 1. lotu Borgarlínunnar, frá Ártúnshöfða að Hamraborg, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á nokkra þætti sem taka þarf til skoðunar í skipulaginu og kröfum til framkvæmdaaðila. Fjallað er um hljóðvist og þá sérstaklega á framkvæmdatíma og að gerðar séu ráðstafanir vegna rykmengunar á framkvæmdatíma, með því að fara í gatnaþrif og rykbindingar. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á ákvæðum um mengaðan jarðveg, að ef grafið verður niður á mengaðan jarðveg sé það tilkynnt heilbrigðiseftirlitinu og eins er vakin athygli á nýjum leiðbeiningum fyrir framkvæmdaaðila og sveitarfélög um hvernig beri að framkvæma mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn HEF.

10. Dagskrárliður: Lýsing á tillögu um breytingar á deiliskipulagi Miðbæjar Garðabæjar

Lögð fram beiðni skipulagssviðs Garðabæjar um umsögn HEF varðandi lýsingu á deiliskipulagi Miðbæjar. Um er að ræða verkefnalýsingu að breytingu á deiliskipulagi Miðbæjar þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á lóðinni Garðatorg 1 og nágrenni. Meginmarkmið þessarar

Handwritten signatures and initials: *Wtbp*, *SGH*, *B.I.*

deiliskipulagsbreytingar er að styðja áfram við uppbyggingu í miðbænum með fjölbreyttri þjónustu, verslun, almenningsrýmum og íbúðum.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir, en vekur athygli á að huga þurfi að góðum göngu- og hjólréiðleiðum til og frá miðbænum, með aðgengi allra að leiðarljósi. Þá leggur heilbrigðiseftirlitið áherslu á að þar sem byggðamynstur er með þeim hætti að um blandaða byggð, þjónustu, verslunar og íbúða er að ræða, að sérstaklega sé vandað til skilyrða sem sett eru gagnvart verslun og þjónustu er varða hávaðmengun, reyktöskun (lyktarmengun), og öðrum þeim þáttum sem geta valdið ágreiningi milli íbúðabyggðar og atvinnurekstrar.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn HEF.

11. Dagskrárliður: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Hestamýri í Garðabæ

Lögð fram beiðni Skipulagssviðs Garðabæjar um umsögn HEF um tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Hestamýri, Breiðamýri, Lambamýri og Grásteinsmýri í Garðabæ.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu þar sem hámarksfjöldi íbúða er augin óverulega. Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn HEF.

12. Dagskrárliður: Deiliskipulag vestursvæðis að Lindarbraut, Seltjarnarnesi

Lögð fram beiðni skipulagssviðs Seltjarnarness varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi vestursvæðis að Lindarbraut. Um er að ræða hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar úr 0,33 í 0,43.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn HEF.

13. Dagskrárliður: Stýrihópur um opinbert eftirlit - staða verkefnisins

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið í samstarfi við matvælaráðuneytið skipuðu stýrihóp til að rýna tillögur og ólíkar sviðsmyndir starfshópsins um opinbert eftirlit sem skilaði niðurstöðu í ágúst 2023. Stýrihópnum var falið að koma með tillögu að þeirri sviðsmynd sem best er til þess fallin að tryggja skilvirka framkvæmd eftirlits.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu verkefnisins, en stýrihópurinn hefur fundað með hagaðilum sem koma að málinu. Reiknað er með að stýrihópurinn skili niðurstöðu sinni í mars 2025.

Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrri bókun sína um mikilvægi þess að opinbert eftirlit með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum sé á höndum heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna. Þá leggur heilbrigðisnefnd áherslu á að ekki sé hægt að líta framhjá öðrum þeim verkefnum sem heilbrigðiseftirlitin sinna sem ekki eru tengd reglubundnu eftirliti, s.s. umhverfissvöktun hvers konar, eftirlit með vatnsverndarsvæðum, efnagreiningu neysluvatns, umsjón með samþykktum um hundahald, rekstur loftgæðastöðva og fleiri verkefni sem heilbrigðiseftirliti er falið að sjá um samkvæmt reglugerðum og samþykktum sveitarfélaga.

14. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 4. desember 2024

Fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlitsins frá 4. desember sl. lögð fram til kynningar.

15. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 11. desember 2024

Fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlitsins frá 11. janúar sl. lögð fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "B.1" at the bottom right.

16. Dagskrárlíður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 18. desember 2024

Fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlitsins frá 18. desember sl. lögð fram til kynningar.

17. Dagskrárlíður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 8. janúar 2025

Fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlitsins frá 8. janúar sl. lögð fram til kynningar.

18. Dagskrárlíður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 15. janúar 2025

Fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlitsins frá 15. janúar sl. lögð fram til kynningar.

19. Dagskrárlíður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 22. janúar 2025

Fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlitsins frá 22. janúar sl. lögð fram til kynningar.

Undirskrift fundargerðar



Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður



Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður



Bjarni Ingimarsson aðalmaður



Hannes Trygvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

37. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 4.12.2024

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10:00

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Rikharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson;

Fundarstjóri:

Ritari:

Hörður Þorsteinsson

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Strandgata 24B Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
2. Strandgata 24B Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
3. Strandgata 24B Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
4. Holtasmári 1 Kópavogi - læknaþofur - starfsleyfi
5. Norðurhella 2 Hafnarfirði - þjónustumiðstöð - skráning
6. Lyngás 18 Garðabæ - þjónustumiðstöð - skráning
7. Askalind 5 Kópavogi - þjónustumiðstöð - starfsleyfi
8. Lónsbraut 2 Hafnarfirði - málsmiðja - Skráning
9. Silfursmári 4 Kópavogi - hársnyrtistofa - skráningarskylt
10. Smáratorg 1 Kópavogi - veitingastaður - starfsleyfi

1. Strandgata 24B Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn MAKK ehf., kt.570418-2030 þar sem sótt er um tækifærisleyfi í tilefni af Jólahjarta Hafnarfjarðar, Thorsplani Hafnarfirði þann 20.12.2024 frá 17:00-20:00. 21.12.2024 frá 13:00 til 18:00 22.12.2024 frá 13:00-18:00 23.12.2024 frá kl. 13:00 til 21:00. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. Strandgata 24B Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn MAKK ehf., kt.570418-2030 þar sem sótt er um tækifærisleyfi í tilefni af Jólahjarta Hafnarfjarðar, Thorsplani Hafnarfirði þann 13.12.2024 frá 17:00-20:00. 14.12.2024 frá 13:00 til 18:00 15.12.2024 frá 13:00-18:00. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3. Strandgata 24B Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn MAKK ehf., kt.570418-2030 þar sem sótt er um tækifærisleyfi í tilefni af Jólahjarta Hafnarfjarðar, Thorsplani Hafnarfirði þann 06.12.2024 frá 17:00-20:00. 07.12.2024 frá 13:00 til 18:00 08.12.2024 frá 13:00-18:00. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.

Jákvæð umsögn staðfest

4. Holtasmári 1 Kópavogi - læknaþofur - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigríðar Zoega f.h. Landspítalinn kt. 500300-2130 dags. 02.12.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir starfstöð heilbrigðisstarfsmanna að Holtasmára 1 Kópavogi fasteignanr. F2241742. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags.08.02.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Norðurhella 2 Hafnarfirði - þjónustumiðstöð - skráning

Lögð fram umsókn Björns Bögeskov Hilmarssonar f.h. Hafnarfjarðarbæjar kt. 590169-7579 dags. 27.11.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir almennt verkstæði bæjarins að Norðurhelli 2 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2311100. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 03.12.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning samþykkt

6. Lyngás 18 Garðabæ - þjónustumiðstöð - skráning

Lögð fram umsókn Sigurðar Hafliðasonar f.h. Garðabæjar kt. 570169-6109 dags. 27.11.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir almennt verkstæði bæjarins að Lyngási 18 Garðabæ. Fasteignanr. F2071460. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 29.11.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning samþykkt

7. Askalind 5 Kópavogi - þjónustumiðstöð - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Leifs Eiríkssonar f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 dags. 27.11.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir almennt verkstæði bæjarins að Askalind 5 Kópavogi Fasteignanr. F2233446, F2234333. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 29.11.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning samþykkt.

8. Lónsbraut 2 Hafnarfirði - málmsmiðja - Skráning

Lögð fram umsókn Bjarna G. Bjarnasonar f.h. Suðurlist Ýlir ehf., kt. 611207-1230 dags. 26.11.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir málmsmiðju að Lónsbraut 2 Hafnarfirði. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 29.11.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning samþykkt.

9. Silfursmári 4 Kópavogi - hársnyrtistofa - skráningarskylt

Lögð er fram umsókn Jóns G. Sandholt f.h. Kristey ehf. kt. 650520-1810 dags. 11.10.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Silfursmára 4 Kópavogi. Fasteignanr: F2516823. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 02.12.2024. Afgreitt í byggingnefnd 04.10.2024. Bréf sent 28.10.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er skráning staðfest.

10. Smáratorg 1 Kópavogi - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Einars Arnar Einarssonar f.h. Wok to Walk Iceland ehf., kt. 480523-1130 dags. 07.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Smáratorgi 1 Kópavogi fasteignanr. F2237876. 0125.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.12.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

38. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 11.12.2024

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10:00

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarisdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson.

Fundarstjóri:

Ritari:

Hörður Þorsteinsson

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - tækifærisleyfi - umsögn
2. Leirvogur Mosfellsbæ - áramótabrenna - umsögn
3. Breiðumýri Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn
4. Glaðheimar neðri Kópavogi - flugeldasýning - skráning
5. Dalbrekka 4-6 Kópavogi - gististaður - starfsleyfi
6. Dalvegur 24 Kópavogi - bifreiðasprautun - skráning
7. Hvaleyrarbraut 23 Hafnarfirði - starfsmannabústaðir - skráning
8. Reykjavíkurvegur 60 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
9. Leirvogur Mosfellsbæ - þrettándabrenna - umsögn
10. Dalbrekka 4-6 Kópavogi - gistileyfi - umsögn
11. Dalbrekka 4-6 Kópavogi - gistileyfi - umsögn
12. Dalbrekka 4-6 Kópavogi - gistileyfi - umsögn
13. Dalbrekka 4-6 Kópavogi - gistileyfi - umsögn
14. Vatnsendablettur Kríunesvegur 12 - hótél - starfsleyfi
15. Eyrartröð 14, Hafnarfirði - vinnsla málma - skráningar
16. Vesturvör 30b Kópavogi - blöndun hreinsiefna - starfsleyfi
17. Kríunes við Vatnsenda Kópavogi - gistileyfi - umsögn

1. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hlégarður samkomuhús, kt.710723-0870 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir jólaball þann 28.12.2024 frá 21:00- 29.12.2024 kl. 02:30. Áætlaður gestafjöldi 500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. Leirvogur Mosfellsbæ - áramótabrenna - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ungmennafélagsins Aftureldingar kt.460974-0119 þar sem sótt er um Brennuleyfi - bálköstur -lítil brenna við Leirvog neðan Holtahverfis. Mosfellsbæ. þann 31.12.2024 kl. 16:30 2 tímar

Stærð brennu, undir 100 m³.

Jákvæð umsögn staðfest.

3. Breiðumýri Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kvenfélags Álftaness, kt.451179-0209 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir þorablót í

Íþróttamiðstöðinni Breiðumýri Álftanesi þann 01.02.2025 frá 18:00 - til kl. 03:00 þann 02.02.2025.
 Áætlaður gestafjöldi 499 manns.
 Eftirlitsskýrsla dags. 03.10.2024.
Jákvæð umsögn staðfest.

4. Glaðheimar neðri Kópavogi - flugeldasýning - skráning

Lögð fram umsókn f.h. Hjálpasveit skáta Kópavogi kt. 410271-0289 dags. 04.12.2024 þar sem sótt er um leyfi fyrir flugeldasýningu þann 29.12.2024 frá kl. 20:00. Sýningin er hluti af samstarfssamningi við Kópavogsbæ.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt fyrir flugeldasýningu þann 29.12.2024 kl. 20:00.

5. Dalbrekka 4-6 Kópavogi - gististaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sölva Melax f.h. Heimaleiga ehf., kt. 510117-0690 dags. 06.12.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistiheimili að Dalbrekku 4-6 Kópavogi Fasteignanr. F2367727,F23677230. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

6. Dalvegur 24 Kópavogi - bifreiðasprautun - skráning

Lögð fram umsókn Nuno R.F. Valentim kt. 121080-3389 f.h. Blettun.is, dags. 07.12.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðasprautuverkstæði að Dalvegi 24 Kópavogi Fasteignanr. F2060571. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

7. Hvaleyrarbraut 23 Hafnarfirði - starfsmannabústaðir - skráning

Lögð fram umsókn Ólafs Ormssonar f.h. Vélsmiðja Orms og Víglundar ehf., kt. 480998-2789 dags. 04.12.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir starfsmannabústaði að Hvaleyrarbraut 23 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076236.

Eftirlitsskýrsla dags. 5.12.2024.

Með vísun til hollustuháttareglugerða er skráning samþykkt.

8. Reykjavíkurvegur 60 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn JM Veitingar ehf., kt.540709-0330 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir dansleiki í Ölhúsinu Reykjavíkurvegi 60 Hafnarfirði. frá 26.12.2024 frá 00:00 til 27.12.2024 kl. 03:00 frá 31.12.2024 kl. 00:00 til 01.01.2025 kl. 06:00 frá 01.01.2025 kl. 00:00 til 02.01.2025 kl. 04:00 0:00. 21.12.2024 frá 13:00 til 18:00 22.12.2024 frá 13:00-18:00 23.12.2024 frá kl. 13:00 til 21:00. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.12.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

9. Leirvogur Mosfellsbæ - þrettándabrenna - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Mosfellsbæjar kt.470269-5969 þar sem sótt er um Brennuleyfi - bálköstur -lítil brenna við Leirvog neðan Holtahverfis. Mosfellsbæ. Þrettándabrenna þann 6.01.2025 kl. 18:00 - 19:00

Fyrirhuguð stærð 99 m3, timbur.

Jákvæð umsögn staðfest.

10. Dalbrekka 4-6 Kópavogi - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 02.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn GG verk ehf., kt 660606-1570 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðir í Flokkur II - B Stærra gistiheimili í fl. II. Aurora Nooks Dalbrekku 4-6 Kópavogi. Fasteignanr. F2367728. Hámarksfjöldi 31.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2024.

Jákvæð umsögn staðfest.

11. Dalbrekka 4-6 Kópavogi - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 02.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Seggur ehf., kt 441208-2190 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðir í Flokkur II - B Stærra gistiheimili í fl. II. Aurora Nooks Dalbrekku 4-6 Kópavogi. Fasteignanr. F2367727. Hámarksfjöldi 29.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2024.

Jákvæð umsögn staðfest.

12. Dalbrekka 4-6 Kópavogi - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn GG verk ehf., kt 660606-1570 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðir í Flokkur II - B Stærra gistiheimili í fl. II. Aurora Nooks Dalbrekku 4-6 Kópavogi. Fasteignanr. F2367729. Hámarksfjöldi 31.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2024..

Jákvæð umsögn staðfest.

13. Dalbrekka 4-6 Kópavogi - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn GG verk ehf., kt 660606-1570 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðir í Flokkur II - B Stærra gistiheimili í fl. II. Aurora Nooks Dalbrekku 4-6 Kópavogi. Fasteignanr. F2367730. Hámarksfjöldi 31.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2024.

Jákvæð umsögn staðfest.

14. Vatnsendablettur Kríunesvegur 12 - hótél - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigurveigar Söru Björnsdóttur f.h. Kríunes ehf., kt. 670602-4190 dags. 27.11.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hótél og veitingasölu að Kríunesi Vatnsenda Kópavogi Fasteignanr. 2066732,1116952. Breyting á húsnæði.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

15. Eyrartröð 14, Hafnarfirði - vinnsla málma - skráningar

Lögð fram umsókn Páls Kristjánssonar f.h. Slippurinn, Akureyri ehf., kt. 511005-0940 dags. 26.11.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir vinnslu málma að Eyrartröð 14 Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2024. Bréf sent á byggingarfulltrúa dags. 27.11.2024. Jákvætt svar 28.11.2024.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

16. Vesturvör 30b Kópavogi - blöndun hreinsiefna - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Jakobs Svans Bjarnasonar f.h. Foss Distillery ehf., kt. 491110-0150 dags. 26.11.2024 þar sem sótt er um breytingu á starfsemi að Vesturvör 30b. Óskað er eftir því að bæta við leyfið framleiðslu/blöndun/pökkun þrifa- og sótthreinsiefna.

Eftirlitsskýrsla dags. 6.12.2024

Með vísun til hollustuhátta og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 26.11.2030 eins og leyfi aðilans til framleiðslu og dreifingar á drykkjarvöru.

17. Kríunes við Vatnsenda Kópavogi - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kríunes ehf., kt 670602-4190 þar sem sótt er um breytingu á rekstarleyfi/fjölgun á gestum. leyfi til reksturs Gististaðar í Flokki IV - A Hótel, í Hótel Kríunes Vatnsendablettur - Kríunes Kópavogi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2024.

Jákvæð umsögn staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

39. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 18.12.2024

Boðaðir:

Fundartími: 00:00 – 00:00

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson.

Fundarstjóri:

Ritari:

Hörður Þorsteinsson

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - tækifærisleyfi - umsögn
2. Strandgata 75 Hafnarfirði - veitingastaður - rekstrarleyfi
3. Reykjavíkurvegur 60 og 62 Hafnarfirði - niðurrif - skráning
4. Vallarkór 12-14 Kópavogi - Kórinn - tækifærisleyfi - umsögn
5. Helluhraun 20 Hafnarfirði - bón- og bílaverkstæði - skráning
6. Kleifakór 7 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi
7. Unnarbraut 28 Seltjarnarnesi - dreifing matvæla - starfsleyfi
8. Reykjavíkurvegur 66 Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi
9. Suðurhraun 10 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi
10. Strandgata 75 Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi
11. Flatahraun 21 Hafnarfirði - matvöruverslun - starfsleyfi
12. Hólshraun 5 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi
13. Smáratorg 5 Kópavogi - veitingastaður - starfsleyfi
14. Þverholt 2 Mosfellsbæ - matvöruverslun - starfsleyfi
15. Borgahella 7, Hafnarfirði - matvælaframleiðsla

1. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 16.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Englaflokkurinn ehf., kt.4511118-0480 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir dansleik þann 01.01.2025 frá 01:00- 02.01.2025kl. 04:00. Áætlaður gestafjöldi 500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. Strandgata 75 Hafnarfirði - veitingastaður - rekstrarleyfi

Lögð fram að nýju umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisins f.h. Pasta23 ehf., kt. 540723-0360 dags.12.12.2024/ 29.05.2024 þar sem óskað er umsagnar á rekstrarleyfi/veitingaleyfi - A Veitingahús - í flokki II. Strandgötu 75 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2235049.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.12.2024.

Jákvæð umsögn staðfest.

3. Reykjavíkurvegur 60 og 62 Hafnarfirði - niðurrif - skráning

Lögð fram umsókn Ólafs Gunnarssonar f.h. Hraunbyggð ehf., kt. 420877-0139, dags. 16.12.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif að Reykjavíkurvegi 60 og 62 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078639,8640,8641,8642,8644,8645,F2231176,1177,1178,1179,1181,8646,F2078647,8648,8649,8650,8651,8652,F2235171.

Minnisblað dags. 17.12.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest til 01.01.2025-01.09.2025.

4. Vallarkór 12-14 Kópavogi - Kórin - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksfélags Kópavogs, kt.630981-0269 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Þorablot Kópavogsbæjar haldið þann 24.01.2025 kl. 18:00 til 25.01.2025 kl. 02:00 í íþróttahúsi HK Vallakór 12-14 Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi: 2600 manns.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.11.2024.

Jákvæð umsögn staðfest.

5. Helluhraun 20 Hafnarfirði - bón- og bílaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Aziz Ahmad Khodadadi f.h. Fjarðarbón ehf., kt.610720-1450, dags. 08.12.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir bón- og bílaverkstæði að Helluhrauni 20 Hafnarfirði. F2075380, F2075381. Ný starfsemi. Aðili er með starfsleyfi fyrir bóstöð á sama stað og ætlar að bæta við bifreiðaverkstæði. Eftirlitsskýrsla dags. 13.12.2024.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

6. Kleifakór 7 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hauks Heiðars Leifssonar f.h. Pinot ehf., kt. 471024-0820 dags. 21.11.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Kleifakór 7 Kópavogi. Dreifing frá vöruhótel. Eftirlitsskýrsla dags. 18.12.2024.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt

7. Unnarbraut 28 Seltjarnarnesi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hlyns Rafns Guðmundssonar f.h. Humble Software ehf., kt. 550223-0660 dags. 18.11.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Unnarbraut 28 Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2068667.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.12.2024.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt.

8. Reykjavíkurvegur 66 Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Atla Snæs Rafnsson f.h. Wok to Walk Iceland kt. 480523-1130, dags. 04.11.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Reykjavíkurvegi 66 Hafnarfirði fasteignanr. F2078661. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.12.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

9. Suðurhraun 10 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ólafs Jónssonar f.h. Distica hf., kt. 680604-4010 dags. 29.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir vöruhús að Suðurhrauni 10 Garðabæ. Fasteignanr.F2329897. Breyting á húsnæði.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.12.2024.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt.

10. Strandgata 75 Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigurðar Ólafssonar f.h. Pasta23 kt. 540723-0360 dags. 23.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Strandgötu 75 Hafnarfirði fasteignanr. F122433. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.18.12.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

11. Flatahraun 21 Hafnarfirði - matvöruverslun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Benedikts Benediktssonar f.h. VARIA X ehf., dags. 28.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun og dreifing matvæla, að Flatahraun 21 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074784. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.12.2024. Sent á byggingafulltrúa dags. 11.12.2024. Jákvætt svar dags. 12.12.2024. *Með vísun til matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

12. Hólshraun 5 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ragnheiðar Eyjólfsdóttur f.h. Arctic Mood ehf., kt. 640309-0910 dags. 09.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Hólshrauni 5 Hafnarfirði. Breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 16.12.2024.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

13. Smáratorg 5 Kópavogi - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Maríu Rúnar Hafliðadóttur f.h. Metro ehf., kt. 431012-0570 dags. 30.09.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Smáratorgi 5 Kópavogi. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 18.12.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

14. Þverholt 2 Mosfellsbæ - matvöruverslun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Izabela Grajewska f.h. Moja Biedronka kt. 670524-1670, dags. 14.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Þverholti 2 Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2235972. Eftirlitsskýrsla dags. 17.12.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

15. Borgahella 7, Hafnarfirði - matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Björgvins Hilmarssonar f.h. SvampCo ehf., kt. 450520-0200, dags. 12.02.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Borgahellu 7, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2518197. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla 17.12.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 14.02.24. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 14.02.2024.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

40. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 8.1.2025

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10:00

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir

Fundarstjóri:

Ritari:

Hörður Þorsteinsson

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - tækifærisleyfi - umsögn
2. Á bökkum við Gesthús Álftanesi - áramótabrenna - brenna
3. Kaplakriki Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
4. Strandgata 24B Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
5. Flatahraun 29 Hafnarfirði - samkomusalur - starfsleyfi
6. Íþróttahúsið Varmá Mosfellsbæ - tækifærisleyfi - umsögn
7. Brúarfljót 2 Mosfellsbæ - matvælaframleiðsla - starfsleyfi
8. Álhella 1 Hafnarfirði - móttökustöð sorps - starfsleyfi
9. Álhella 1, Hafnarfirði - móttöku og endurvinnslustöð

1. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.01.2025 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Atla Viðars Bragasonar kt.200981-4059 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika í Hlégarði Mosfellsbæ þann 08.02.2025 frá kl. 21:00 - kl. 23:00. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. Á bökkum við Gesthús Álftanesi - áramótabrenna - brenna

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ungmennafélags Álftaness kt.630190-1939 þar sem sótt er um Brennuleyfi - bálköstur -lítil brenna á bökkum við Gesthús Álftanesi. þann 31.12.2024 kl. 20:30 2 tímar. stærð 100 m2.

Jákvæð umsögn staðfest 23.12.2024

3. Kaplakriki Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 02.01.2025, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar, kt.540169-3339 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir þorablót þann 01.02.2025 frá 18:30 - 02.02.2025 kl.02:30. Áætlaður gestafjöldi 750 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

4. Strandgata 24B Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Makk ehf., kt.570418-2030 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir þrettándagleði í Jólaborpi Hafnarfjarðar þann 06.01.2025 frá 17:00- 18:00. Áætlaður gestafjöldi 100 manns.

Makk er með starfsleyfi í Reykjavík.

Jákvæð umsögn staðfest.

5. Flatahraun 29 Hafnarfirði - samkomusalur - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigríðar Hrólfsdóttur f.h. Stangveiðifélags Hafnarfjarðar, kt. 620269-1239 dags. 17.12.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomusal að Flatahrauni 29 Hafnarfirði. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 20.12.2024

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Íþróttahúsið Varmá Mosfellsbæ - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.12.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Ungmennafélagið Afturelding kt. 460974-0119 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir þorablót þann 25.01.2025 frá 18:30- 26.01.2025 kl. 03:00. Áætlaður gestafjöldi 1000 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

7. Brúarfljót 2 Mosfellsbæ - matvælaframleiðsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Daníels B. Garðarssonar f.h. Ingling ehf., kt. 440324-0290, dags 23.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu og dreifingu að Brúarfljóti 2 Mosfellsbæ. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 19.12.2024 Bréf sent bygginga dags. 27.11.2024. Ítrekað 18.12.2024.

Með vísun til matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

8. Álhella 1 Hafnarfirði - móttökustöð sorps - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Alexanders G. Eðvardssonar f.h. Efnarás ehf., kt. 530315-0290 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir móttöku á "litlum raftækjum" frá Sorpu, að Álhelli 1 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078537.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

9. Álhella 1, Hafnarfirði - móttöku og endurvinnslustöð

Lögð fram umsókn Arnórs Þ. Sigfússonar f.h. Hringrás ehf., kt. 490195-2039, dags. 28.11.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir móttöku og endurvinnslustöð að Álhelli 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078537. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

• Fleira ekki gert og fundi slitið.

41. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 15.1.2025

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10:00

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir

Fundarstjóri:

Ritari:

Hörður Þorsteinsson

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Skólabraut 8 Garðabæ - íþróttahús - tækifærisleyfi - umsögn
2. Smáratorg 3 Kópavogi - veitingastaður - tækifærisleyfi - umsögn
3. Ásvellir Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
4. Vífilstaðavegur Garðabæ - hjúkrunarþjónusta aldraðra - starfsleyfi
5. Bæjarhraun 2 Hafnarfirði - framleiðsla matvæla - starfsleyfi
6. Valhúsabraut 19 Seltjarnarnesi - gistileyfi - umsögn

1. Skólabraut 8 Garðabæ - íþróttahús - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.01.2025 þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Ungmennafélagið Stjarnan kt. 611175-0199 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir þorablót þann 24.01.2025 frá 18:30 - 25.01.2025 kl. 02:30. Áætlaður gestafjöldi 950 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. Smáratorg 3 Kópavogi - veitingastaður - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.01.2025 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gaming Arena ehf., kt. 440121-0470 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir lengri opnunartíma vegna Super Bowl þann 09.02.2025 frá 21:00 - 09.02.2025 kl. 06:00 íað Smáratorgi 3 Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 80 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3. Ásvellir Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.01.2025 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélags Hauka, kt. 600169-0419 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir þorablót Hafnarfjarðar þann 08.02.2025 frá 19:00 - 09.02.2025 kl. 03:00. Áætlaður gestafjöldi 1200 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

4. Vífilstaðavegur Garðabæ - hjúkrunarþjónusta aldraðra - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Fríðar Brandsdóttur f.h. Heilsuvernd Vífilstaðir ehf., kt. 670922-0570 dags. 13.12.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hjúkrunarþjónustu aldraðra að Vífilsstöðum Garðabæ. Fasteignanr. F2508079. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.12.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs.

5. Bæjarhraun 2 Hafnarfirði - framleiðsla matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Beata Dzieszuta f.h. Sweet Rose kt. 411024-0590 dags. 13.11.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Bæjarhrauni 2 Hafnarfirði fasteignanr. F2074240. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 8.1.2025 Bréf sent byggingafulltrúa dags. 02.12.2024. Jákvætt svar 03.12.2024.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

6. Valhúsabraut 19 Seltjarnarnesi - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nordico ehf., kt.530516-2880 þar sem sótt er um leyfi til reksturs: Gististaðir í Flokkur II - C Minna gistiheimili í flokki II fyrir Blue House Valhúsabraut 19 Seltjarnarnesi Fasteignanr. F2068247.

Neikvæð umsögn, þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfisumsókn fyrir þessa starfsemi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

42. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 22.1.2025

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10:00

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir

Fundarstjóri:

Ritari:

Hörður Þorsteinsson

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Fjarðargata 19 Hafnarfirði - hársnyrtistofa - skráning
2. Flatahraun 5B Hafnarfirði - rafvéla verkstæði - starfsleyfi
3. Smiðjuvegur 9 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi
4. Grandatröð 4, Hafnarfirði - dreifning matvæla - starfsleyfi
5. Dalshraun 11 Hafnarfirði - veitingastofa - starfsleyfi
6. Þverholt 2 Mosfellsbæ - matvöruverlsun - tóbaksleyfi

1. Fjarðargata 19 Hafnarfirði - hársnyrtistofa - skráning

Lögð fram umsókn Jóhönnu Stefnisdóttur f.h. Amino ehf./Akkerið hársnyrtistofa, kt. 590813-1090 dags. 08.01.2025 þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Fjarðargötu 19 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2242896. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.01.2025

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning samþykkt.

2. Flatahraun 5B Hafnarfirði - rafvéla verkstæði - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Friðriks Garðarssonar f.h. Rafeining ehf., kt. 591088-1739 dags. 21.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir rafvéla verkstæði að Flatahrauni 5B Hafnarfirði. Fasteignanr. F2224461. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.01.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3. Smiðjuvegur 9 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Svans Kristjánssonar f.h. Herkúles ehf., kt. 480615-2710 dags. 03.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Smiðjuvegi 9 Kópavogi. Fasteignanr. F2240209. Dreifing frá vöruhúsinu Fraktlausnir.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.01.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla reglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4. Grandatröð 4, Hafnarfirði - dreifning matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Víðis Stefánssonar f.h. Ölvisholt ehf., kt. 480414-1010 dags. 30.12.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Grandatröð 4 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2222948. Breyting á starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.01.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla reglugerða er starfsleyfi samþykkt.

5. Dalshraun 11 Hafnarfirði - veitingastofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Halldórs E. Sigurðssonar f.h. Local ehf., kt. 540313-1990 dags. 19.09.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastofu að Dalshrauni 11 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2233462. Eftirlitsskýrsla dags.19.01.2025.Bréf sent byggingafulltrúa dags. 30.09.2024. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags.21.01.2025.

Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Þverholt 2 Mosfellsbæ - matvöruverlsun - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Izabela Grajewska f.h. Moja Biedronka kt. 670524-1670, dags. 12.06.2024 þar sem sótt er um tóbaksleyf fyrir matvöruverslun að Þverholti 2 Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2235972. Nýtt leyfi.

Eftirlitsskýrsla dags. 15.01.2025.

Leyfisveiting staðfest til 4 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.